

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3713/92**frá 22. desember 1992****um frestun á beitingu ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum, með tilliti til innflutnings frá tilteknum þriðju löndum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nokkur þriðju lönd hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um að verða bætt í skrána yfir þriðju lönd sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ásamt upplýsingunum sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽²⁾.

Fyrsta könnun fyrrnefndra upplýsinga hefur leitt í ljós að í sumum þessara landa eru í gildi reglur um framleiðslu og eftirlit sem virðast fullnægja kröfunni um samsvörum sem kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91. Samt sem áður ber að ljúka rannsókninni varðandi ákveðin atriði og kanna gögnin í smáatriðum, sem hefur í för með sér að ekki er unnt, á því stigi sem rannsókn fyrrnefndra upplýsinga er, að taka ákvörðun um að bæta þessum þriðju löndum inn á skrána sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. fyrir 1. janúar 1993, sem er gildistökudagur þessa ákvæðis.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Framkvæmd ákvæða 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er frestað um sex mánuði frá gildistökudegi núgildandi reglugerðar að því er varðar framleiðsluvörur sem eru innfluttar frá eftirtöldum þriðju löndum:

- Argentína, vegna afurða sem vottað er af Instituto Argentino para la Certificacion y Promocion de los Productos Biologicos eða Fundacion de Alimentos Ecologicos Argentinos að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum ;
- Austurríki, vegna afurða sem vottað er af opinberum stofnunum í hverju fylki sem sjá um matvælaeftirlit að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum;
- Ástralía, vegna afurða sem vottað er af Australian Quarantine and Inspection Service (AQUIS) að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum;
- Ísrael, vegna afurða sem vottað er af landbúnaðarráðuneytinu, plöntuverndar- og plöntuskoðunardeild (DPPI) eða skoðunarþjónustu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í tengslum við útflutning matvæla og jurtaafurða, að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum;
- Sviss, vegna afurða sem vottað er af Vereinigung Schweizerischer Biologischer Landbau-Organisationen (VSBLO) að séu framleiddar þar í landi með lífrænum aðferðum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 378, 23. 12. 1992, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/94 frá 15. desember 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

(2) Stjttö. EB nr. L 11, 17. 1. 1992, bls. 14.